


Afstöðumynd 1:500

## BYGGINGARLÝSING

**Fastanúmer 234-1625 Landnr. 217623 Mathlutanúmer 27, 0101**

**Hrossaræktunarbúgarður Sumarliðabær II, Gestahús**

**Ásahreppi, Rangárvallasýslu**

Til stendur að breyta tveimur sambyggðum geymslum sem eru til vesturs á jörðinni. Engar teikningar hafa fundist af húsinu en stærri geymslan er einnar hæðar með ris þaki og á steypum sökkli með steyptum útveggjum og sú minni er bíslag á steyptum sökkli með timbur útveggjum. Þök eru timbur þök með báruklæðningu. Núverandi heildarstærð er 146,9 m2.

Í byggingarleyfisumsókn þessari er fjallað um breytingu á áður nefndum geymslum í gestahús með sama formi og áður, aðalhús með risi og svo bíslag þar við. Notast verður við núverandi sökkla og útveggi á stærri geymslu en sökklar og plata á bíslagi verða endurnýjuð.

### Gestahús

Lagt er til að klæða á gestahúsið að utan með bandsagaðri "Reisifjöl" lerkiklæðning bæði á útveggi og þak með zink flasningum.

Aðalhúsið er upprunalega einangrað að innan en verður nú einangrað að utan með 120 mm steinullareinangrunn á steininn á milli lekta, svo pappi og yst er bandsöguð "Reisifjöl". Kólnunartala útvegggja er að hámarki 0,4 W/m2C. Útveggir bíslags verða úr timburgrind og byggjast þannig upp, 150 mm timburgrind með 150 mm steinull, þar innaná rakasperra úr þolplasti, þar innaná timburgrind 40 x 40 mm og þar innaná tvöfalt gifslag. Utan á burðargrindinni er 9 mm krossviður, þar utaná er galvanierað músa- og skordýranet, þar utaná 30 x 40 mm lektur og yst er bandsöguð "Reisifjöl". Kólnunartala útvegggja er að hámarki 0,4 W/m2C.

Gluggar verða endurnýjaðir, dökklitaðir, en kólnunartala glugga er að hámarki 2,00W/m2°C. Innveggir eru almennt byggðir upp á grind með tvöföldu gifslagi að frátöldum burðarveggjum.

Þak húss verður sperruþak. Loftunarbil 30 mm er á milli sperra yfir ull, ofan á sperrur er 22 mm krossviður, þar ofaná tvöfallt tjörupappalag, þar ofaná krossviðstíglar, lektur og svo lerki klæðning. Þak er klætt bandsagaðri reisifjöl. Þak er einangrað með 200 mm einangrun á milli sperra, vírað er undir einangrunn og þar undir rakasperra. Kólnunartala þaks er að hámarki 0,20W/m2°C. Loft eru klædd með gifsi í flokki 1.

Húsið er hitað með blöndu af gólfhita. Lagnaleiðir eru undir gólfplötu, í innveggjum og yfir niðurteknum loftum. Inntök lagna eru í skápum í anddyri/þvottarými í bíslagi. Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum samkvæmt Byggingarreglugerð. Tryggja skal að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°.

Nátturleg loftræstingu er í öllum rýmum um opnanleg gluggafög.

Samtengdir reykskynjarar með hljóðgjafa eru í öllum svefnherbergjum og öðrum helstu rýmum. Handslökkvitæki af viðurkenndri gerð (9 ltr. léttvatnstæki) eru staðsett í anddyri og svo á rislofti.

Björgunarop af rishæð eru út um glugga á norðurhlið og niður fellistiga .

Sorpgeymsla er við hús og rúmar fjögur sorpílát.

HELSTU STÆRÐIR:

BRÚTTÓ M2 151,4

NETTÓ M2 127,7

BRÚTTÓ M3 505,8

Stærð húss var 146,9 m2 en verður 151,4 m2

Samtals stækkun um 4,5 m2

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
05. mai 2018
Byggingarfulltrúi

| útgáfa | skýring | dags |
|---|---|---|

| | |
|---|---|
| verk | Sumarliðabær II |
| verkaupi | Svarthöfði ehf |
| teikningarheiti | Afstöðumynd |
| tegund teikningar | Aðaluppdráttur gestahús |
| mælikvarði | 1:500 |
| dags | 15. feb 2018 |


arkitektar

andrúm

STÚDÍÓ ANDRÚM ARKITEKTAR EHF KT 4409002830
HVERFISGATA 54 101 REYKJAVÍK

Haraldur Örn Jónsson 111254 3899
Kristján Garðarsson 270269 5679

4801

dkpitt ARKITEKTAR

HVERFISGATA 54 101 REYKJAVÍK
Davíð Kristján Pitt 101069 5249


númer teikningar og útgáfa

**A 01** **B0**